

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Laugavegi 166  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 19. júní 2018  
2018060012/42-0  
TB, LÁ, KJ  
tb

### **Jarðhitagarður á Hellisheiði, matsskylda, umsögn**

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 4. júní sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort og á hvaða forsendum jarðhitagarður á Hellisheiði skuli háður mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Í skýrslu um Jarðhitagarð ON, Fyrirspurn um matsskyldu, kemur fram að umrætt svæði er innan iðnaðarsvæðis á samþykktu Aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022 og auk þess liggur fyrir samþykkt deliskipulag eftir breytingu frá 27. apríl 2018. Svæðið er raskað að hluta m.a. með vegum og línlögnum er í jaðri þess. Svæðið er því inn á áhrifasvæði Hellisheiðarvirkjunar. Vestari hluti svæðisins er á mosavöxnu hrauni u.p.b. 5.200 ára gömlu (Leitahraun) og hluti deliskipulagssvæðisins liggur nokkuð þétt upp að yngri hraunum með hærra verndargildi, Svínahraunsbruna (1000 e.kr.) í vestri sem er á náttúruminjaskrá og Hellisheiðarhrauni (u.p.b. 2000 ára) í suðri. Æskilegt hefði verið að færa vægi mannvirkja sem fjærst Svínahraunsbruna.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er fyrirhuguðum Jarðhitagarði og væntanlegum fyrstu framkvæmdum (vegtengingar, lagnir) og áhrifum þeirra vel lýst í matsskyldu fyrirspurninni. Mestu áhrifin verða á jarðminjar sem njóta verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Einnig er gerð góð grein fyrir þeim skilmálum sem gilda í deliskipulaginu og eiga að vega upp að hluta áhrif vegna rasks á lífríki, jarðminjar og landslag, s.s. að nota skuli staðargróður við „uppgræðslu“ og frágang, litaval, hæð bygginga og lýsing á svæðinu. Einnig er ljóst að framkvæmdir væntanlegra rekstraraðila innan Jarðhitagarðsins munu þurfa að fara í mat á umhverfisáhrifum ef þær eru þess eðlis.

Náttúrufræðistofnun telur að teknu tilliti til m.a. 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum og viðmiða í lögum um náttúruvernd (m.a. 2. og 3. gr. laganna) að framkvæmdir vegna þróunar Jarðhitagarðs þurfi ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum. Stofnunin byggir þessa afstöðu sína á því að náttúrufar á svæðinu og þau áhrif sem verða af uppgyggjungunni eru vel þekkt, svæðið er að hluta til nú þegar raskað og innan áhrifasvæðis Hellisheiðavirkjunar, svæðið er innan samþykkt aðals- og deliskipulags, skilmálar í deliskipulagi gera ráð fyrir



ákveðnum mótvægisaðgerðum, væntanlegar framkvæmdir á svæðinu þurfa að fara í mat á umhverfisáhrifum eftir eðli framkvæmdanna og einnig hlíta öðrum almennum lögum og reglum sem varða umhverfis- og náttúruvernd.

Virðingarfallst



Trausti Baldursson  
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

